

Bifreiðastöður verða bannaðar við Ægissíðu að sunnanverðu milli Hofsvalla-  
götu og Starhaga.

Jafnframt verður aflétt banni við bifreiðastöðum að norðanverðu við götuna á  
sama kafla.

Framangreind regla tekur gildi 15. júní 1973.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. júní 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## AUGLÝSING

### um tölusettar kvittanir og reikningseyðublöð.

Frá og með 1. júlí 1973 skulu embætti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins afhenda  
tölusetta kvittun fyrir hvers konar greiðslum, sem þau veita viðtöku frá almenningi,  
og hvort sem greiðslurnar falla til ríkissjóðs eða ekki. Kvittanir, sem hér um ræðir,  
geta verið með tvennu móti:

A. Staðalkvittun (stærð A5L) með áprentuðu nafni embættis, stofnunar eða fyrir-  
tækis, sem við greiðslunni tekur. Staðalkvittanir hafa skjaldarmerki lýðveldis-  
ins sem sameiginlegt auðkenni. Stofnun eða fyrirtæki er þó heimilt að nota  
eigið merki í stað skjaldarmerkis. Eyðublöð, sem hér um ræðir, bera ýmist  
heitið „Kvittun fyrir innborgun“ eða „Reikningur“.

B. Sérgreind eyðublöð, sem merkt eru ríkissjóði eða yfirvaldi og notuð eru fyrir  
ákveðnar tegundir greiðslna eða innborganir (t. d. aðflutningsskýrsla, sölu-  
skattsskýrsla, skattakvittanir ritaðar í skýrsluvélum eða bókhaldsvélum o. fl.).

Fyrst um sinn og unz öðruvísi verður ákveðið er stofnunum og fyrirtækjum  
heimilt, að höfðu samráði við ráðuneytið, að nota óstöðluð reiknings- og kvittana-  
eyðublöð, sem þau hafa látið gera, enda séu þau tölusett og skilmerkilega auðkennd.  
Stefnt skal að því að fella öll slík eyðublöð í staðlað horf.

*Fjármálaráðuneytið, 5. júní 1973.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

*Sverrir Júlíusson.*

## REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda 1972.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1972.

### Tekjur:

Framlag neytenda skv. áætlun .....	kr. 34 386 000.00	
— Tilfærsla vegna 1971 .....	— 2 329 009.00	
		kr. 32 056.991.00
Iðgjöld framleiðenda skv. áætlun .....	kr. 22 924 000.00	
— Tilfærsla vegna 1971 .....	— 1 553 006.00	
		— 21 370 994.00

## Framlög vegna eftirlauna:

Ríkissjóður Íslands .....	kr. 20 555 952.00	
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	— 12 298 372.00	
		— 32 854 324.00
Vaxtatekjur .....		— 2 143 437.50
		Kr. 88 425 746.50

## Gjöld:

Eftirlaunagreiðslur .....	kr. 32 389 899.00	
Eftirlaunagreiðslur í gegnum Umsjónarnefnd eftirlauna .....	— 464 425.00	
		kr. 32 854.324.00
Laun og önnur rekstrargjöld .....		— 1 618 083.40
Tekjuafgangur .....		— 53 953 339.10
		Kr. 88 425 746.50

## Efnahagsreikningur 31. desember 1972.

## Eignir:

Búnaðarbanki Íslands, innstæður .....	kr. 26 780 646.70
Stofnlánadeild landbúnaðarins, skuldabréf .....	— 15 000 000.00
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skuldabréf .....	— 25 000 000.00
Óinnheimt iðgjöld skv. áætlun stjórnar .....	— 16 886 704.40
Umboðsmenn framleiðenda .....	— 1 294.00
	Kr. 83 668 645.10

## Skuldir:

Ríkissjóður Íslands .....	kr. 1 061 009.00
Óskipt iðgjöld .....	— 60 205.80
Inneignir til endurgreiðslu .....	— 1 231 092.00
Höfuðstóll 1/1 1972 .....	kr. 27 362 999.20
Tekjuafgangur .....	— 53 953 339.10
	— 81 316 338.30
	Kr. 83 668 645.10

Reykjavík 9. maí 1973.

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyris-  
sjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning 1/1—31/12 1972  
og efnahagsreikning 31. desember 1972, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins.

Skuldabréfin bera eftir á greidda vexti, sem verða bókfærðir á greiðsluári.  
Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík 9. maí 1973.

Vigfús Gunnarsson. Örn Marinósson.